

Fimmtudaginn 17. september 1998.

Nr. 7/1998.

**Véltjórafélag Íslands**

(Haraldur Örn Ólafsson hdl.)

gegn

**Nesbrú ehf.**

(Guðmundur Ágústsson hdl.)

Kjarasamningur. Skiptakjör.

**Dómur Félagsdóms.**

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Sæmundsson og Valgeir Pálsson.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ.m., var þingfest 2. júní sl.

Stefnandi er Véltjórafélag Íslands, kt. 690269-3419, Borgartúni 18, Reykjavík.

Stefndi er Nesbrú ehf., kt. 610688-1529, Maríubakka 18, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum greinar 1.03. í kjarasamningi milli Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og Véltjórafélags Íslands, Véltjórafélags Suðurnesja og Véltjórafélags Vestmannaeyja hins vegar.

Að stefndi verði dæmdur til greiðslu févítis að fjárhæð 265.357 kr. samkvæmt grein 1.53. í kjarasamningi milli Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og Véltjórafélags Íslands, Véltjórafélags Suðurnesja og Véltjórafélags Vestmannaeyja hins vegar.

Loks er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega er þess krafist að stefndi verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Til vara að stefndi verði sýknaður að svo stöddu.

Til þrautavara að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar.

Í öllum tilvikum er þess krafist að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins eða skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

*Málavextir.*

Stefnandi kveður málsatvik vera þau að Snorri Sturluson, kt. 190274-4119, Frostafold 6, Reykjavík, sem sé félagsmaður í Vélstjórafélagi Íslands og vélstjóri að mennt, hafi starfað sem yfirvélstjóri frá lokum febrúar 1997 og fram í júlí s.á. á Sæljósi ÁR-11, sem gert sé út af stefnda. Sæljós sé 58 tonna bátur, gerður út frá Þorlákshöfn. Eftir að Snorri Sturluson hóf störf hjá stefnda hafi hann farið að gruna að ekki væru greidd rétt laun af hálfu stefnda. Hafi hann leitað til Gylfa Traustasonar, eiganda útgerðarinnar, og krafist leiðréttingar launa sinna. Þeim kröfum hafi ekki verið sinnt þrátt fyrir að viðurkennt væri að skipverjar tækju þátt í kvótakaupum útgerðarinnar. Eftir um fjóra mánuði hafi hann svo hætt starfi sínu, m.a. vegna brota útgerðarinnar á kjarasamningum. Hafi hann ekki fengið leiðréttingu mála sinna þrátt fyrir ítrekuð tilmæli þess efnis og hafi hann því falið lögmanni sínum innheimtu hinna vangreiddu launa. Með bréfi lögmanns stefnda, dags. 18. febrúar 1998, og síðari bréfaskriftum hafi verið viðurkennt að laun hafi ekki verið greidd í samræmi við kjarasamning. Með leiðréttingu, dags. 11. maí 1998, hafi laun Snorra Sturlusonar verið hækkuð um 114.970 kr. og orlof um 11.692 kr. Þessa leiðréttingu telji Snorri Sturluson ekki fullnægjandi og hafi því stefnt útgerðinni til greiðslu fullra launa í samræmi við kjarasamning.

Af hálfu stefnda er viðurkennt að skráð aflaverðmæti í uppgjöri sé annað en fram komi í sölutölum frá Fiskmarkaði Þorlákshafnar. Ástæðu þessa uppgjörsmáta kveður stefndi ekki vera að ætlunin hafi verið að leyna skipverja því hvað fékkst fyrir aflann, heldur sé þarna tilgreind sú fjárhæð sem útgerðin hafi fengið í hendur eftir að greiddur hafi verið allur kostnaður þar á meðal kvótaleiga. Hafi vélstjóranum Snorra Sturlusyni verið gerð grein fyrir þessu og hafi hann eins og aðrir skipverjar vitað að uppgjör væri unnið með þessum hætti. Þó að þessi uppgjörsaðferð hafi verið viðhöfð sé ekki þar með sagt að skipverjarnir hafi verið hýrudregnir eða ætlunin hafi verið að greiða þeim lægri laun en þeir hafi átt rétt á skv. kjarasamningi. Til þess að koma til móts við lægri aflahlut hafi stefndi greitt launin sem skipverjar áttu rétt á með öðrum hætti. Vélstjórinn Snorri Sturluson hafi fengið greiddan ökutækjastyrk, 20.000 kr. á mánuði, og föst laun í lögbundnu hrygningarstoppi. Hafi stefndi talið að með þessu ásamt ýmsum fleiri hlunnindagreiðslum yrði hann

jafnvel eða betur settur þegar á heildina væri litið en ef uppgjórið færi fram með þeim hætti sem gert sé ráð fyrir í bréfi stefnanda, dags. 5. des. 1997. Hafi vélstjóranum verið skýrt frá þessari uppgjörsaðferð þegar hann var ráðinn í skipsrúmið. Sú fjárhæð sem starfsmanninum var greidd 15. maí sl. hafi verið sú fjárhæð sem eftir stóð þegar allt hafði verið tekið með í reikninginn.

*Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.*

Stefnandi byggir málshöfðun sína á því að stefndi hafi brotið ákvæði 1.03. í kjarasamningi milli Landssambands íslenskra útvegs- manna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Suð- urnesja og Vélstjórafélags Vestmannaeyja hins vegar með því að gefa upp of lágt aflaverðmæti á launaseðlum Snorra Sturlusonar vélstjóra fyrir mánuðina mars, apríl og maí 1997 og þannig gengið á rétt hans til hæsta verðs fyrir afla samkvæmt ákvæðinu. Stefndi sé bundinn af kjarasamningnum enda um lágmarkskjör að ræða.

Uppgefið aflaverðmæti á launaseðli fyrir mars hafa verið 1.922.344 kr. en samkvæmt skipalista Fiskmarkaðarins í Þorlákshöfn hf. hafi verið landað afla að verðmæti 4.643.552 kr. Á launaseðli fyrir apríl hafi uppgæfið aflaverðmæti verið 3.789.722 kr. en samkvæmt skipalista fiskmarkaðarins hafi verið landað afla að verðmæti 7.648.332 kr. Á launaseðli fyrir maí hafi verið uppgæfið aflaverð- mæti 1.166.947 kr. en samkvæmt skipalista fiskmarkaðarins hafi ver- ið landað afla að verðmæti 2.419.943 kr.

Hlutur Snorra Sturlusonar vélstjóra fyrir mars hafi átt að vera 239.997 kr. ef miðað sé við tölur Fiskmarkaðarins en greidd laun hafi verið 168.309 kr. Hlutur hans fyrir apríl hafi átt að vera 411.541 kr. en greidd laun hafi verið 279.492 kr. Hlutur fyrir maí hafi átt að vera 143.454 kr. en greidd laun hafi verið 113.778 kr. Ofan á van- greidd laun reiknist síðan orlof.

Stefndi hafi ekkert upplýst um aflaverðmæti humars sem veiddist í maímánuði. Humarveiði hafi verið dræm en það sem veiddist hafi ekki verið sett á fiskmarkað og liggi verðmæti hans ekki fyrir.

Hér sé um að ræða brot á ákvæði 1.03. í fyrrnefndum kjarasam- ningi, en þar segi m.a. að vélstjórum/vélavörðum skuli tryggt hæsta gangverð alls sem aflað er og aldrei lægra en útgerðarmaður fær fyrir sinn hlut. Þar sem uppgæfið aflaverðmæti samkvæmt framansögðu sé mun lægra en í raun hafi fengist fyrir aflann á Fiskmarkaðnum í Þorlákshöfn þá sé vélstjórum ekki tryggt hæsta gangverð alls sem

aflað var. Uppgefið aflaverðmæti sé auk þess mun lægra en það sem útgerðarmaður hafi fengið í sinn hlut. Þar sem um brot á kjarasamningi sé að ræða er þess krafist að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar samkvæmt 1.53. í kjarasamningi og að ákvörðuð verði hámarkssekt í þessu tilliti, þ.e. að fjárhæð 265.357 kr., er renni í félagssjóð stefnanda.

Stefnandi rekur málið samkvæmt IV. kafla laga um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938. Stefnandi byggir kröfur sínar á lögum nr. 80/1938, einkum 7. gr., 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980 og kjarasamningi milli Landsambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Suðurnesja og Vélstjórafélags Vestmannaeyja hins vegar. Krafa um málskostnað er byggð á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Um virðisaukaskatt er vísað til laga nr. 50/1988.

*Málsástæður og rökstuðningur stefnda.*

Af hálfu stefnda er því mótmælt að afla hafi verið landað fram hjá vigt.

Stefndi telur það ekki sýna brot á kjarasamningi að fram komi á uppgjorsblaði annað söluverðmæti en það sem fékkst fyrir aflann. Kjarni málsins hljóti að liggja í sjálfum laununum. Að starfsmaðurinn hafi fengið þau laun sem kjarasamningur kveði á um. Hafi hann fengið rétt laun þá eigi uppgjorsaðferðin ekki að skipta öllu máli.

Í málinu sé enginn ágreiningur um aflaverðmætið. Það liggja fyrir í skjölum málsins og hafi stefndi staðfest í framlögðum bréfum að það sé rétt söluverð. Því sé rangt að halda því fram að ekki hafi verið selt fyrir hæsta verð sem fáanlegt hafi verð á markaðnum. Með leiðréttingu á launaseðli frá 15. maí 1998 hafi verið greitt í samræmi við aflahlutdeild.

Varðandi aðalkröfu eru eftirfarandi málsástæður hafðar uppi:

Stefndi telur sig ekki hafa brotið ákvæði 1.03. í kjarasamningi LÍÚ og Vélstjórafélags Íslands o.fl. með því að hafa hagað uppgjöri með þeim hætti sem hann gerði. Aðalatriði ákvæðisins sé að vélstjórinn fái rétt laun en ekki hvaða útreikningsaðferð er notuð.

Stefndi hafi talið sig hafa greitt skipverjum í samræmi við kjarasamning við uppgjör og þegar í ljós kom að svo var ekki þá hafi hann verið fús til að leiðrétta þau mistök. Af hálfu stefnda er því mótmælt að hann hafi með uppgjöri sínu gerst brotlegur við gildandi kjarasamning.

Í málinu hafi enginn ágreiningur verið um það hvaða verð hafi fengist fyrir aflann sem báturinn veiddi. Hafi það legið fyrir frá fyrsta söludegi og hafi vélstjórinn, sem aðrir skipverjar, getað fengið upplýsingar um það hjá stefnda eða Fiskmarkaði Þorlákshafnar.

Ákvæði 1.53. eigi ekki við í tilviki sem þessu, m.a. á þeirri forsendu að hér sé aðeins verið að deila um uppgjörsaðferð. Ekki sé lagagrundvöllur til sektar. Stefndi hafi ekki skrifað undir kjarasamninginn sem á er byggt í málinu. Þó stefndi sé bundinn að lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingum lífeyrissjóðsréttinda nr. 55/1980 þá sé hvergi í þeim lögum kveðið á um heimild samtaka launafólks til ákvörðunar sektar verði atvinnurekanda á mistök við útreikning launa.

Mistök stefnda séu ekki refsiverð en það hljóti að teljast vera skilyrði fyrir beitingu sektar.

Varðandi varakröfu er því haldið fram að Félagsdómur sé ekki bær að dæma í máli þessu þar sem mál er varðar sama sakarefni sé rekið fyrir hinum almennu dómstólum. Þó svo að sömu aðilar séu ekki í þessum málum geti úrlausn þessa máls haft áhrif á niðurstöðu í því máli. Með dómi í máli þessu sé því verið að taka efnislega afstöðu til máls sem verði síðar rekið fyrir hinum almennu dómstólum. Stefndi telur að það sé í andstöðu við þau meginsjónarmið sem gildi um Félagsdóm sem sérdómstól. Hið rétta væri að dómur héraðsdóms lægi fyrir áður en dómur er uppkveðinn í þessu máli. Ef ekki verði fallist á aðalkröfu stefnda beri að sýkna stefnda að svo stöddu.

Varðandi þrautavarakröfu er því haldið fram að krafa stefnanda muni byggjast á því að um stórkostlegt brot á kjarasamningi sé að ræða. Ef dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi í alla staði verið farið eftir kjarasamningi þá sé brot stefnda ekki stórvægilegt. Því beri að stilla sektarkröfunni í hóf eða jafnvel fella hana niður, m.a. á þeirri forsendu að stefndi hafi leiðrétt fyrir launagreiðslur.

#### *Forsendur og niðurstæða.*

Um þá málsástæðu stefnda, að afla hafi ekki verið landað fram hjá vigt, þá er til þess að líta, að því er ekki haldið fram af hálfu stefnanda að landað hafi verið fram hjá vigt. Kröfugerð stefnanda er hinsvegar á því byggð að við uppgjör hafi ekki verið miðað við rétt aflaverð og þannig hafi verið gengið á rétt vélstjórans til hæsta

gangverðs fyrir afla samkvæmt ákvæði 1.03. í kjarasamningi milli Landssambands íslenskra útvegsamanna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Suðurnesja og Vélstjórafélags Vestmannaeyja hins vegar.

Viðurkennt er af hálfu stefnda svo sem fram kemur í skjölum málsins að við uppgjör vélstjórans Snorra Sturlusonar á tímabilinu mars til maí 1997 miðaði stefndi ekki við raunverulegt verð afla úr Sæljósi ÁR-11 á sama tíma.

Stefndi er bundinn af kjarasamningi þeim sem stefnandi byggir kröfur sínar á og skiptir ekki máli í því sambandi að stefndi er ekki aðili að ofangreindum kjarasamningi, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Af hálfu stefnda hefur ekki verið sýnt fram á í máli þessu að vélstjóranum hafi verið greitt í samræmi við kjarasamninginn þrátt fyrir síðar gerða leiðréttingu á uppgjöri.

Með vísan til framanritaðs er aðalkröfu stefnda hafnað.

Varakrafa stefnda um sýknu að svo stöddu er á því byggð að mál er varðar sama sakarefni sé rekið fyrir hinum almennu dómstólum og rétt sé að dómur héraðsdóms liggja fyrir áður en dómur er uppkveðinn í þessu máli. Lagt hefur verið fram ljósrit stefnu í máli sem Snorri Sturluson hefur höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur stefnda til heimtu skuldar vegna vangreiddra launa. Mál það sem hér er til meðferðar er ekki milli sömu aðila og ekki er um sömu dómkröfur að ræða. Annars vegar er um að ræða mál sem höfðað er fyrir Félagsdómi af stéttarfélagi á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur en hins vegar launakröfu einstaklings sem rekið er fyrir almennum dómstólum. Sá málarekstur takmarkar ekki rétt og skyldu Félagsdóms til að skýra ákvæði kjarasamnings þótt í einkamálinu kunnir að reyna á skýringu sama samningsákvæðis.

Verður krafa stefnda um sýknu að svo stöddu því ekki tekin til greina.

Með þrautavarakröfu sinni krefst stefndi lækkunar á kröfum stefnanda og mun það þá vera krafa um lækkun fjárhæðar févítis, en upphaflega krafðist stefnandi þess að stefndi yrði dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð 265.357 kr., en breytti kröfu sinni að þessu leyti í kröfu um að stefndi yrði dæmdur til greiðslu févítis að sömu fjárhæð.

Stefndi hefur sérstaklega mótmælt því að hann verði dæmdur til greiðslu févítis (sektar) skv. gr. 1.53. í kjarasamningi milli Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Suðurnesja og Vélstjórafélags Vestmannaeyja hins vegar. Samkvæmt ákvæði þessu skal sekt renna í félagssjóð Vélstjórafélags Íslands, ef brotið er gegn samningnum. Stefndi er ekki aðili að Landssambandi íslenskra útvegsmanna og á ekki heldur beina aðild að umræddum kjarasamningi. Á grundvelli samningsins verður stefndi því ekki krafinn um greiðslu févítis (sektar). Ekki hefur verið sýnt fram á að stefndi hafi með öðrum hætti skuldbundið sig til greiðslu þess. Þótt laun og önnur starfskjör, sem kjarasamningurinn hefur að geyma, teljist skv. 1. gr. laga nr. 55/1980 vera lágmarkskjör fyrir vélstjóra, sem starfa hjá stefnanda, verður ekki á það fallist að févíti það, sem stefnandi gerir kröfu um, teljist vera hluti af lágmarkskjörum í skilningi lagagreinarinnar. Er stefndi því sýknaður af kröfu um greiðslu févítis.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst 130.000 krónur og hefur þá verið litið til virðisaukaskattskyldu lögmannspóknunar.

#### D ó m s o r ð:

Viðurkennt er að stefndi, Nesbrú ehf., hafi brotið gegn ákvæðum greinar 1.03. í kjarasamningi milli Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Suðurnesja og Vélstjórafélags Vestmannaeyja hins vegar.

Stefndi greiði stefnanda, Vélstjórafélagi Íslands, 130.000 krónur í málskostnað.

---